

HARVEST á sandsílisveiðum ***Frábær árangur með Dynex***

Norska nóta- og togveiðiskipið Harvest hefur notað Dynex

Togtaugar- og grandara með góðum árangri við veiðar á sandsíli (tobis). Skipið er í eigu útgerðarfyrirtækisins Hardhaus AS í Austevoll sem einnig gerir út nóta- og togveiðiskipið Hardhaus.

Áhöfnin á Harvest er með 2 x 500 metra langar Togtaugar og er þeim vafið ofan á togvíra skipsins. Þetta hefur komið sér mjög vel við veiðar á sandsíli á vorin þegar það

er veiðanlegt á grunnslóð í Norðursjónum.

Léttleiki tauganna auðveldaði áhöfninni veiðar með flottrollinu á 30-60 metra botndýpi, þar sem hún gat slakað út allt að fimm sinnum meira af togtaugum en sem nam botndýpi á viðkomandi veiðislóð.

Með þessu lagi er veiðihæfni veiðarfærisins stöðug allt togið. Það er miklu auðveldara fyrir hlerana að skvera trollið í sundur í fulla breidd með togtaugum sem eru

40 sinnum léttari í sjó en togvír í sama sverleika.

Vandamálið hjá áhöfninni á Harvest var það að hleranir vildu leggjast á hliðina með extra löngum togvírnum.

Við það tapaðist dýrmætur veiðitími með tilheyrandi hífingum þar til hlerarnir náðu að skvera trollið aftur í sundur.

Þá er það mikill kostur við togtaugarnar að þær liggja í beinni stefnu frá skut skipsins niður í sitthvorn hlerann en ekki í sveig niður eins og togvírar gera. Þær dragast því mjög

sjaldan á botninum og því er lítil hætta á að þær festist eða grafi sig niður eins gerist stundum með togvírinn.

Það er samdóma álit áhafnar og útgerðar að Dynex Togtaugar – og grandarar hafi stórbætt veiðar skipsins og auðveldað alla meðhöndlun á veiðarfærinu.

Þá hafi dregið úr olúnotkun þar sem það er miklu léttara og einfaldara að veiða með Dynex togtaugum frá Hampiðjunni.



Söguleg tímamót í uppsjávarveiðum!

Uppsjávarfiski dælt beint úr trolli í kælitanka á veiðiferlinum.

Útgerðir og áhafnir uppsjávarskipanna á Finni Fríða og Tróndur í Gøtu byrjuðu fyrir tveimur árum að ræða það hvort hægt væri að þróa dælu- aðferð til að dæla lifandi fiski upp í kælitanka jafnóðum og hann kemur syndandi aftur í flottrollið á

meðan veiðiferlið stendur yfir. Þar yrði spriklandi fiskurinn strax kældur niður fyrir $-1,5^{\circ}$. Við það yrði fiskurinn stinnari, sem aðveldaði til mikilla muna afurðavinnslu makrílsins eftir löndun í vinnslustöðvar.

Viðkvæmur makríll að sumarlagi.

Á undanförunum tveimur árum hafa skipin veitt

makrílinn að sumarlagi.

Á þeim tíma er makríllinn mjög feitur og viðkvæmur fyrir hnjaski, eftir 3-5 tíma tog þegar honum er dælt úr poka trollsins um borð við skipshlið. Það hefur komið glöggft fram á gæðum fisksins að þrátt fyrir stuttan siglinga-tíma til vinnslustöðva var gæða-vandamálið enn til staðar. Því var ákveðið um síðustu áramót

að kanna hvað væri til úrbóta í þessum efnum. Þegar eru dæmi fyrir því að dæla fiski beint um borð í skipið á meðan á veiðum á ljósátu stendur í Suðurskautshafinu.

Rannsóknarvinna.

Farið var til Danmerkur, Íslands og Írlands til að afla vitneskju um hvernig best væri að standa að tilrauninni.

Meðal annars var farið í tilraunatankinn í Hirshals með Jóni Grétarssyni trollhönnuði Hampiðjunnar og prófaðar ýmsar útfærslur á afturhluta belgs og poka til að sjá hvernig



Á trolldekkinu á Tróndi í Gøtu. Finnur Fríði tekur við trollendanum hjá Tróndi þegar verið er að slaka út Glóriu Helix flottrolli frá Hampiðjunni. Mynd: www.vardin.fo

best væri að framkvæma dælingu beint úr trolli um borð í kælitanka.

Tilraunir hófust í vor.

Hafist var handa við tilraunir úti á sjó í vor sem leið. Finnur Fríði var þá kominn með sérhannaða fiskidælu.

Verkaskifting var þannig að Tróndur í Gøtu dró trollið og veiddi aflann en Finnur Fríði var um það bil kílómetra fyrir aftan Trónd með dæluna tengda við makrílpoka Tróns.

Þaðan var fisknum dælt í gegnum dælubarka og sjóskilju í kælitanka á Finni Fríða.



Framkvöðlar verkefnisins. Frá vinstri: Arngrím Hansen skipstjóri/stýrimaður á Tróndi í Gøtu og bræðurnir Hardi Hansen, vélstjóri á Finnur Fríði og Andri Hansen, skipstjóri á Finnur Fríði
Ljósmynd: Dimmalætting/Sveinur Tróndarson

Eftir nokkrar veiðiferðir var orðið ljóst að tilraunin hafði heppnast vonum framar þegar Finnur Fríði kom til hafnar eftir stutta veiðiferð með 1200 tonn af makríl sem dælt var beint úr trolli í kælitankana.

Ummæli hollendingans Ton Frissen, framleiðslustjóra hjá Faroe Pelagic í Kollafirði, segja allt sem segja þarf um árangur erfiðisins: *The mackerel is really excellent!*

Ástand fisksins er miklu betra en þegar hann er veiddur á hefðbundinn máta. Það sést vel á fisknum þegar við fáum hann til okkar.

Jákup Jacobsen framkvæmdastjóri Vardin hefur fylgist af áhuga með þróunarferlinu og farið í nokkra prufutúra með skipunum.


Hann sér mikla möguleika í nýju aðferðinni sem komi til með að

valda straumhvörfum í uppsjávarveiðinni. Það kemur mér ekki á óvart að þeir sem kaupa afurðirnar í framtíðinni muni spyrja hvort fiskurinn hafi verið veiddur á hefðbundinn hátt eða hvort honum hafi verið dælt beint um borð í skipið.

Þá hefur það einnig komið í ljós að prósentu þess afla sem fer í bræðslu hefur lækkað úr 10% í minna en 1% sem er frábær árangur.

Það er vitað að Japanir borga meira fyrir nótaveiddan makríl en trollveiddan. Það kæmi ekki á óvart að makríll sem sendur er beint í kælitankana muni vera af sömu eða meiri gæðum en nótaveiddi makríllinn þegar fram líða tímar.

Heimildir:
www.vardin.fo
Jakup Jakobsen forstjóri Vardin P/F
Andri Hansen skipstjóri „Finni Fríða“.



Hampiðjan, yfirlitsmynd

Dynex Togtaugar á QAQQATSIAQ GR-6-403

Í síðasta mánuði voru Dynex togtaugar teknar um borð í grænlenka rækjutogarann QAQQATSIAQ sem er einn fjögurra rækju-frystitogara í eigu Royal Greenland A.S. sem er með höfuðstöðvar í Nuuk á Grænlandi.

Þetta er í fyrsta skipti sem rækju-frystitogari tekur Dynex togtaugar í notkun við rækjuveiðar í Atlantshafi. Qaqqatsiaq dregur að staðaldri tvö rækjutroll með tveimur hlerum, lóði og þremur togvírnum. Dynex togtaugarnar koma í stað stálvíranna sem tengjast í hlerana en notast verður áfram við mið-stálvírinn. Taugarnar voru festar við stálvíra sem fyrir voru á togvindum skipsins.

Garðar Rafnsson vélstjóri frá Hampiðjunni aðstoðaði áhöfn skipsins við að taka taugarnar í notkun og fór hann yfir alla snerti-



QAQQATSIAQ GR-6-403

fleti sem taugarnar fara um við notkun og gekk úr skugga um að allt væri slétt og fellt frá togvindu og vírastýri, aftur að togblökk.

Togtaugarnar eru 38 mm að þvermáli og þúsund metra að lengd á hvorri vindu. Þær koma í stað 34 mm stálvírs sem notaður hefur verið fram að þessu.


Það er alkunna að þyngd-armunur er gríðarlegur á Dynex togtaugum og stálvír til togveiða og í

þessu tilfelli er munurinn sá að 2000 metrar af þeim vega 2260 kg en stálvírinn í sömu lengd vegur 10700 kg. Í sjóþyngd er munurinn gríðarlegur eða 293 kg á móti 9384 kg!

Þetta er megin ástæða þess að útgerð skipsins ákvað að reyna að létta veiðarfærið og minnka við það olíunotkun við veiðarnar.

Tveggja trola kerfið sem skipið notar er tiltölulega þungt í drætti og útheimtir það mikla orkunotkun

við að draga veiðarfærið eftir botninum. Olíunotkun skipsins við veiðar og vinnslu er um 14000 lítrar á sólarhring þannig að það er eftir miklu að slæðast ef vel tekst til. Það er von manna hjá útgerðinni að þessi breyting leiði til umtalsverðs orkusparnaðar.



GLORIA® HELIX™ DYNEX™ SG SWAN NET-GUNDRY

COSMOS TRAWL® MAGNET THYBORØN TRAWLDOOR.DK UTZON

HAMPIÐJAN

www.hampidjan.is

Pokahornið, útgáfustjórn: Jón Guðmann Pétursson og Guðmundur Gunnarsson. Hampiðjan, Skarfagarðar 4, 104 Reykjavík. Áskrift sími 530 3300 og Fax 530 3309
Vefang: www.hampidjan.is Umsjón: Ottó Ólafsson • Prentvinnsla: Oddi